

Sp. 636. Tillaga til þingsályktunar

um nefndarskipun til að stýra framkvæmdum á Rafnseyri.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Gísli Jónsson, Einar Olgeirsson, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að stýra framkvæmdum á Rafnseyri við Arnarfjörð í minningu Jóns Sigurðssonar. Nefndina skipa þrjú menn, einn tilnefndur af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu, annar af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu og hinn þriðji skipaður af ríkisstjórninni, og er hann formaður. Nefndin ráðstafar því fé, sem til framkvæmdanna er veitt í fjárlögum. Skal nefndin starfa í samráði við skipulagsstjóra ríkisins, fræðslumálastjóra, biskup, sóknarnefnd í Auðkúluhreppi og skólanefndir í Arnarfirði.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga þessi er flutt í samráði við hæstv. ríkisstjórn. Hinn 10. marz 1944 var svo hljóðandi þingsályktun gerð á Alþingi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela nefnd þeirri, sem skipuð verður til að undirhúsa hátíðahöld vegna lýðveldisstofnunar á Íslandi, að rannsaka og gera tillögur um nauðsynlegar framkvæmdir á Rafnseyri við Arnarfjörð, fæðingarstað Jóns Sigurðssonar.“

Álit lýðveldishátíðarnefndar er á þessa leið:

„Hæstv. ríkisstjórn hefur með bréfi, dags. 22. marz, sent nefndinni til umsagnar tillögu, sem samþykkt var á Alþingi, um framkvæmdir á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, Rafnseyri við Arnarfjörð.“

Nefndin gerði sér af þessu tilefni ferð til Rafnseyrar til að kynna sér af sjón og reynd alla staðhætti og átti þar fund með þjóðhátíðarnefnd Vestfirðinga og nokkrum öðrum mönnum, sem kvaddir voru til ráðuneytis.

Þá hafa og biskup landsins, fræðslumálastjóri, skipulagsstjóri ríkisins, sóknarnefnd Auðkúluhrepps, skólanefndir Arnarfjarðar og þingmenn Barðastrandarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu hitzt á Rafnseyri og rætt málið. Eru tillögur nefndarinnar gerðar í samráði við alla þessa aðila og einróma samþykki.

Voru nefndar- og fundarmenn allir á eitt sáttir um, að ríkisstjórn og Alþingi væri skylt að stuðla að því, að Rafnseyri við Arnarfjörð yrði með tímanum vistlegt

og virðulegt höfuðból, samboðið minningu Jóns Sigurðssonar, enda liggur sú hugsun nærri, að um leið og fæðingardagur Jóns Sigurðssonar er valinn til stofnunar lýðveldis á Íslandi, þá sé jafnframt skylt að sýna fæðingarstað hans nokkurn sóma. Jafnframt er það álit nefndarinnar, að því verði komið í framkvæmd án verulegs tilkostnaðar umfram það, sem ríkissjóði er gildandi lögum og venjum samkvæmt skylt að leggja til skóla, kirkju og samgangna. Hér fara á eftir tillögur nefndarinnar og álit:

1. Rafnseyri liggur vel og miðsveitis, þegar miðað er við framtíðarsamgöngur Vestfjarða. Það verður fjölfarið til Rafnseyrar, þegar bílvegir og ferjur yfir heiðar og firði eru komnar í fyrirhugað horf, og er útlit fyrir, að þess þurfi ekki að verða langt að bíða. Hringleiðin um Vestfirði, norður Þorskafjarðarheiði með bíl, norður Djúpið til Ísafjarðar með Djúpbátnum og þaðan vestur til Önundarfjarðar, Dýrafjarðar og Arnarfjarðar yfir heiðar að Rafnseyri, þá með bílferju til Bíldudals og yfir Hálfðan til Patreksfjarðar, þaðan á Rauðasand eða Barðaströnd og loks suður með Breiðafjarðarbáti, þessi leið verður mjög fjölfarin, þegar hún opnast. Á þessari leið eru enn þrír þröskuldar, Þorskafjarðarheiðin, Rafnseyrarheiðin og yfir Hálfðan, en þar er nú alls staðar unnið að vegagerð. Þegar leiðirnar opnast, má búast við, að hugur margra ferðamanna standi til að koma að Rafnseyri og dveljast þar, enda er það náttúrlegur áfangastaður, og er þá mikils um vert, að ekki sé köld aðkoma á sögustaðnum.

2. Rafnseyri er kirkjustaður og prestssetur. En prestakallið er fámennt og bændur þar yfirleitt lítt efnum búnir. Prestur er nýfluttur burtu þaðan og vafasamt, hvernig gengur að fá nýjan prest, nema nokkuð sé að gert um að hlynna að staðnum og stækka verkahring prestsins. En það er eitt skilyrði fyrir því, að virðing staðarins haldist, að þar verði áfram prestssetur. Verkefni prests mætti auka með kennslustörfum, og prestssetrið þarf að byggja upp innan tíðar. Hefur nefndin átt tal við biskup um málið, og er hann þess mjög fýsandi, að framtíð Rafnseyrar sem kirkjustaður og prestsseturs verði tryggð. Það má gera samkvæmt gildandi lögum, þegar fjárveiting leyfir, en æskilegt er, að þeim framkvæmdum sé flýtt, og má það verða með velvilja kirkjustjórnar og fjárveitingavalds. En ekki getur það talizt aukakostnaður.

3. Barnafræðslu í Auðkúluhreppi og raunar við allan Arnarfjörð verður ekki komið í framtíðarhorf nema með heimavistarskóla. Byggðin er strjál og margir bæir afskekktir. Rafnseyri liggur vel í sveit til að vera skólasetur og hefur mörg önnur góð skilyrði. Skólahúsi á Rafnseyri gæti og verið sumargististaður, eins og áður hefur verið minnt á, að þörf sé fyrir. Prestur gæti og verið aukakennari, og er það hvort tveggja, að það yki verkefni hans og væri til sparnaðar og hagræðis. Þá má og gera ráð fyrir, að prestur geti haft nokkra unglingsfræðslu með líkum hætti og margir prestar áður höfðu og þó við betri aðstöðu. Þann veg var Jón Sigurðsson upp fræddur, og væri vel, ef hægt væri að endurvekja á Rafnseyri gamalt og gott kennslulag. Vafalaust væri þá rétt, að prestur væri skipaður af ríkisstjórninni, en ekki kosinn af sóknarborðnum. Nefndin hefur borið sig saman við fræðslumálastjóra um þetta mál, og er hann mjög hvetjandi um framkvæmdir. En þess er þó rétt að geta, að Auðkúluhreppur er fámennur og fátækur, og er sennilegt, að ríkissjóður yrði að einhverju eða öllu leyti að hlaupa undir bagga með honum og öðrum Arnarfjarðarsveitum um venjulegt heimaframlag til skólabyggingar. Að öðru leyti væri hér ekki um aukakostnað að ræða.

4. Í skólahúsi væri vel til fallið að hafa Jóns Sigurðssonar safn, öll rit hans og það, sem um hann hefur verið skrifað, myndasafn, styttur og hluti úr hans eign, sem feldust vel geymdir þar. Ef til slíks safns væri tekið sérstakt herbergi, þá þyrfti byggingarkostnaður þess að greiðast að öllu úr ríkissjóði.

5. Rafnseyri liggur í stórum, fögrum hvammi og háir ásar á báða vegu. Hlíðarnar eru vel fallnar til skógræktar og skjólgott fyrir skrudgarð. Undirlendið er vel fallið til ræktunar og hæfilega mikið, þegar það væri komið í rækt, til að fullnægja þörfum skólaheimilis og gistiúss auk prestsseturs. En þar eru nú víða, einkum í túninu,

gamlar rústir og görðum og útihúsum óskipulega fyrir komið. Þyrfti þegar að hefjast handa um skipulagning hvammsins, ruðning og ræktun. Það þarf þegar í upphafi að ætla prestssetri, skólahúsi, skrudgarði, skógrækt o. fl. stað og vinna svo á mörgum árum samkvæmt skipulagsupprætti. Hefur skipulagsstjóri ríkisins þegar athugað málið og heitið stuðningi sínum í framtíðinni.

6. Á Rafnseyri er minnismerki um Jón Sigurðsson, sem reist var á hundrað ára afmæli hans, 1911. Minnismerkið er látlaust og smekklegt, stór steinn, uppmjór, og í hann greyptur eirskjöldur með mynd Jóns Sigurðssonar og sverð bak við skjöldinn. Skjöldinn gerði Einar Jónsson. Þetta minnismerki er til frambúðar, en þarf þó lagfæringar, og er það fyrst, að það þarf að hækka það nokkuð frá jörðu með undirhleðslu. Þá hefur nefndin látið koma fyrir mikilli flaggstöng á stað, sem ber hátt, svo að fáninn blasi við ferðamönnum og segi til um, hvert komið sé.

7. Eins og framanskráðar tillögur bera með sér, leggur nefndin til, að fæðingarstað Jóns Sigurðssonar sé sómi sýndur á þann hátt, að fullnægt sé menningarþörf nútíðar og framtíðar. Teljum við það mjög í anda Jóns Sigurðssonar sjálfs. Kostnaður yrði að miklu leyti samkvæmt núgildandi almennum lögum, en aukakostnað er ekki hægt að áætla nákvæmlega að svo stöddu. Teljum við þó, að veita þyrfti um 150 þús. krónur, — ca. 50 þús. kr. til ræktunar, skrudgarðs og girðinga og ca. 100 þús. kr. til skólahúss og safns. Er líklegt, að sú fjárveiting hrykki langt, og væri þá hægt að hefja framkvæmdir.

8. Nefndin hefur talið rétt að stilla tillögum sínum um framkvæmdir og fjárútlát í hóf. Þó má segja, að tillögur nefndarinnar séu ekki um allt fastskorðaðar eða fullundirbúnar. En svo hlaut að vera á þessu stigi málsins. Gerir nefndin þá tillögu, að skipuð verði nefnd, sem sjái um framkvæmdir og nánari útfærslu, og vinni hún í nánú samstarfi við alla aðila.

Reykjavík, 1. des. 1944.“